

Miklós Dalmay hóf píanóleik við Tónlistarskólann í Budapest aðeins 5 ára gamall og útskrifaðist þaðan 8 árum seinna. Að því loknu fékk hann ingöngu í Tónlistarmenntaskóla Bartók Konservatorium þar sem hann stundaði nám við píanóleik og tónsmíði.

Árið 1982 hlaut hann eftir mjög strangt inntökupróf inngöngu í Franz Liszt Academy of Music Háskólann í Budapest og útskrifaðist þaðan með einleikarapróf árið 1987. Ásamt einleikaraprófinu lauk Miklós einnig háskólagráðu í kórsöng, tónfræði, hljómfræði, sálfræði, kennslufræði, samskiptafræði og uppeldisfræðslu.

Hann stundaði viðbótar-framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Stokkhólmi árið 1989-1991 og var þar einnig aðstoðarkennari próf. Lászlo Simon. Sænska útvarpið hefur gert allmargar hljóðritanir með leik hans og einnig hefur hann komið fram sem einleikari með Sænsku Útvarpshljómsveitinni. Þá hefur hann tekið þátt í að kynna nútímatónlist sem einleikari í Maros Ensemble.

Hann hlaut einleikaraverðlaun Konunglegu sænsku listaakademíunnar.

Að loknu diplomprófi starfaði hann í Ungverjalandi við tónlistarflutning, tónsmíði, kennslu og tók þátt í að stofna Dalmay-Stofnunina sem kynnir kammertónlist og nútímatónlist með fjölbreyttu tónleikahaldi í Ungverjalandi.

Miklós hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir píanóleik á alþjóðlegum vettvangi m.a. The European Piano Competition 1992. Hann hefur einnig haldið tónleika víðs vegar um Evrópu, Bandaríkin, Kanada og hljóðritað geisladisk með píanóverkum Beethovens.

Árið 1994 flutti Miklós til Íslands ásamt fjölskyldu sinni og hefur hann síðan þá verið einn virkasti einleikari landsins; hann hefur haldið marga einleikstónleika í Reykjavík og víða um allt land.

Hann spilar reglulega með virtustu hljóðfaraleikurum og einsöngvurum landsins og hefur komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljómsveitum heimalands síns og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann bar sigur úr þítum í Tónvakanum, tónlistarkeppni Ríkisútvarpsins, árið 1996.

Fékk hann boð í þetta sinn í þriðja skiptið á Listahátíð Reykjavíkur vorið 2006 og hélt vel heppnaða tónleika með píanóverk Schumanns.

Stuttum tíma eftir að Miklós flutti til Íslands byrjaði hann að sökkva dýpra ofan í íslenska tónlist, fyrst og fremst tónverk tónskálda nú til dags.

Hann á heiðurinn af frumflutningi margra nýrra tónverka, sem og margra íslenskra verka í útlöndum. Hann flutti 5 preludíur Ragnars Hjálmsónar í Ungverjalandi á Hátíð íslenskra-ungverskra hátíðardaga, skipulagt af honum sjálfum.

Hann spilaði KISUM, tríó eftir Þorkel Sigurbjörnson á 5 tónleikum í röð á mismunandi stöðum, og flutningurinn á verkinu “Gövertimento” sem er skrifaður fyrir blásara kvintett og píanó var tekinn upp af Ríkisútvarpinu. Hann tók þátt í sýningu Túnskinseyju Atla Heimi Sveinssonar í Kína og sýningaröðinni í Reykjavík.

Fyrir boð Ríkissjónvarpsins bjó hann til dagskrá úr píanóverkum Páls Ísólfssonar og spilaði fyrir framan myndavélar í Hveragerðiskirkju.

